

Myndmennt

Bekkur: 5. bekkur

Kennari: Guðbjörg Lilja Jónsdóttir og Margrét Jónsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Menntagildi námsgreinar:

Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð. Listsköpun opnar einstaklingum fjölbreyttar leiðir til að vinna með hugmyndir, varpa fram spurningum, endurspegla og túlka eigin reynslu og annarra. Þannig þroska nemendur hæfileika sinn og getu til að vega og meta gjörðir sínar og umhverfi með gagnrýnum hætti. Við listsköpun opnast oft ný og óvænt sjónarhorn á hugmyndir og hluti, það losnar um hömlur og kímigáfa nemenda fær gjarnan notið sín í óvenjulegum og ögrandi verkefnum. Við slíkar aðstæður koma leyndir hæfileikar gjarnan fram og nemendur tengjast innbyrðis á annan hátt en í öðrum greinum.

Áhersla lögð á persónulega tjáningu og sjálfstæð vinnubrögð. Örva skapandi hugsun nemanda og kenna helstu grundvallaratriði myndlistar. Auka færni einstaklingsins til myndsköpunar og gefa tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt
Gefa nemendum færi á að verða meðvitaðri á myndrænan boðskap með skapandi starfi og tengslum við listasöguna.

Listasaga

Ýmsir þekktir listamenn verða kynntir og velt vöngum yfir aðferðum og hugmyndum þeirra til myndsköpunar. Unnið verður samhliða í skissubækur fyrir persónulegar úrlausnir.

Teiknun

Nemendur læra að teikna frá sínum reynsluheimi, með því að skoða, uppgötva og upplifa.

Litafræði og Málun

Nemendur læra að þekkja frumlitina og uppgötva blöndun þeirra og gera tilraunir með blöndun lita.

Mótun

Ef hópurinn er samstilltur er farið í þrívíddarvinnu og er áhersla lögð á persónulega tjáningu og sjálfstæð vinnubrögð.

Kennarinn útfærir markmiðin eftir þeim áherslum sem hann hefur.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Nemandi getur: • Notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun, • nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun, • tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu, • unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk, • byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu, • greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka.	Þekkingaröflun og hugmyndavinna snýr að undirbúningsvinnu og tækniþjálfun. Nemendur viðá að sér upplýsingum og efni, kanna, rannsaka, prófa, ímynda sér, læra tækni, forma, taka áhættu sem skerpir eigið þor og traust bæði til viðfangsefnisins og eigin hugmynda. Framkvæmd felur í sér að nemendur beita aðferðum þar sem þeir umbreyta, túlka, flytja, sýna, prófa, forma og framleiða. Greining felur í sér að nemendur dýpka skilning sinn og upplifun með umræðu, tjáningu og mati. Nemendur greina, yrða, meta, virða, gagnrýna, bera saman, túlka, ígrunda og rannsaka. Samhengi felur í sér að setja ferlið í sögulegt, menningarlegt, persónulegt og félagslegt samhengi. Nemendur yrða, meta, ígrunda, skipuleggja/endurskipuleggja, smíða kenningar, þroskast og breytast.
Námsmat: Námsmat byggir að miklu leyti á leiðsagnarmat þar sem nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. Í lokamati er lagt mat á virkni, frumkvæði og áhuga nemandans og verkmöppu, sem geymir gögn um vinnuferlið, svo sem skissur, uppdráttir og tillögur og eru athugasemdir og tilraunir metnar til jafns við fullunnin verk. Vinnubrögð nemandans eru metin og hvað liggur að baki hinu fullunna verki. Í lok myndlistartímabils, ýmist í janúar eða maí, eru niðurstöður úr lokamati færðar inn í Mentor.	